

Aukakirkjuþing 2021

4. mál - þskj. 4

T I L L A G A

til þingsályktunar um sölu fasteigna Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu.

(Lagt fyrir aukakirkjuþing 2021).

Flutt af Einari Má Sigurðarsyni, Gísla Jónassyni,
Hermanní Ragnari Jónssyni og Svönu Helen Björnsdóttur.

Frsm. sr. Gísli Jónasson.

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að fela kirkjuráði að selja eftirtaldar fasteignir í eigu Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, enda fáist viðunandi söluverð.

Suðurprófastsdæmi

Jörðin Voli, Flóahreppi.

Vestfjarðaprófastsdæmi

Jörðin Árnes I á Ströndum, Árneshreppi.

Jörðin Vatnsfjörður í Ísafjarðardjúpi, Súðavíkurhreppi.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Jörðin Syðra-Laugaland og nýbýlið Brúnir í Eyjafirði, Eyjafjarðarsveit.

Austurlandsprófastsdæmi

Jörðin Skeggjastaðir, Langanesbyggð.

Kolfreyjustaður, Fjarðabyggð.

Söluákvæðanir þessar gilda fram að kirkjuþingi 2023.

Greinargerð.

Samkvæmt 4. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum er það nú kirkjuþing sem ákveður hvaða fasteignir Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu skuli seldar og hver skuli annast um sölu þeirra.

Lagt er til að aukakirkjuþing 2021 ákveði að þær jarðir verði seldar sem tilgreindar eru í skjali þessu. Er tillagan í samræmi við fasteignastefnu þjóðkirkjunnar frá kirkjuþingi 2018 með síðari breytingum. Ekki er talin nauðsyn á að kirkjan eigi eignir þessar til að styðja þjónustu kirkjunnar, hlutverk hennar eða markmið. Lagaleg skylda til að leggja þessar fasteignir til sem prestssetur er ekki lengur til staðar. Tekjur

af eignum þessum eru almennt ekki miklar en fastur kostnaður nokkur, m.a. fasteignagjöld og iðgjöld trygginga. Töluverð uppsöfnuð framkvæmda- og viðhaldspörf er fyrir hendi á sumum af þeim mannvirkjum sem til staðar eru og mæla því fjárhagsleg rök einnig með því að selja þær.

Æskilegt er að ákvörðun um sölu þessara fasteigna fáist afgreidd nú, ef kirkjuþing á annað borð fellst á að eignir þessar skuli seldar. Ganga þarf frá ýmsum málum áður en hægt er að selja sumar eignirnar, t.d. réttindum kirkna og kirkjugarða á jörðum, ýmsum lóða- og landamerksamálum o. fl. Væri því æskilegt að ákvörðun yrði afgreidd á auka kirkjuþingi 2021 þannig að unnt sé að hefjast handa við undirbúning sölu hið fyrsta.

Tryggt verði að hlunnindi vegna heitavatsréttinda, þar sem það á við, fylgi ekki með í sölu og að nýtingaraðili heita vatnsins hafi ætíð óheftan aðgang að landi jarðarinnar vegna borana, viðgerða og eftirlits.

Kirkjuþing 2019 samþykkti söluheimildir fyrir Vola, Árnes I og Skeggjastaði, sem giltu til tveggja ára. Er nú óskað ákvörðunar um sölu á þessum fasteignum, sem hafi gildistíma til kirkjuþings 2023. Söluheimild var jafnframt samþykkt fyrir jörðina Hraungerði sem hefur þegar verið seld. Unnið er að undirbúningi fyrir sölu Árnes I.

Fyrir kirkjuþingi liggur tillaga um söluheimild fyrir Syðra-Laugaland og er málið hjá fjárhagsnefnd. Eðlilegt er að það mál verið afturkallað þegar þessar söluákvæðanir sem gerð er tillaga um í máli þessu verða afgreiddar á kirkjuþingi.